

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 7/1991.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands

f.h. Flugleiða h/f

(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.).

Kjarasamningur. Samráð. Flugmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 9. f.m., er höfðað með stefnu birtri 26. nóvember 1991.

Stefnandi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, Reykjavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að rétturinn viðurkenni með dómi, að notkun Flugleiða h.f. á leiguflugvél með áhöfn frá Air Europe, Ítalíu, til áætlunarflugs til Orlando og Baltimore tímabilið 26. október 1991 til 26. nóvember s.á. feli í sér brot á grein 01-3 í síðastgildandi kjarasamningi stefnanda við stefnda.

Stefnandi krefst og málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h/f sé samkvæmt gr. 01-3 í síðastgildandi kjarasamningi aðila heimilt að leigja flugvélar með flugmönnum til áætlunar- og leiguflegs á hefðbundnum leiðum félagsins án samþykkis stefnanda, enda leiði það ekki til uppsagna flugmanna Flugleiða.

Stefndi krefst og málskostnaðar.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að á árinu 1980 hafi komið upp ágreiningur milli aðila málsins um forgangsrétt félagsmanna

Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, til flugverkefna Flugleiða h/f. Hafi ágreiningurinn sprottið af því, að Flugleiðir h/f hafi látið flugvélar dótturfyrirtækja og leiguflugfélaga með erlendum áhöfnum annast ýmis flugverkefni félagsins, og hafi það ógnað atvinnuöryggi íslenskra atvinnuflugmanna. Í kjölfar þessa ágreinings hafi tekist samkomulag með aðilum, dags. 6. júlí 1980. Þetta samkomulag sé núverandi grein 01-3 í gildandi kjarasamningi. Með þessu samkomulagi hafi tekist að koma í veg fyrir notkun leiguflugvéla með erlendum áhöfnum án samþykkis FÍA og tryggja forgangsrétt félagsmanna FÍA og þar með atvinnuöryggi þeirra. Eftir þessu samkomulagi hafi verið farið þar til nú í haust. Hafi Flugleiðir h/f ýmist leitað munnlega eða skriflega eftir samþykki FÍA, ef nauðsyn hafi borið til að nýta leiguflugvélar með erlendum áhöfnum, og ekki verið fyrirstaða hjá FÍA til að samþykkja rökstuddar beiðnir um undanþágur.

Stefnandi kveður nú hafa orðið breytingu í þessum efnum af hálfu Flugleiða h/f. Með bréfi, dags. 16. október 1991, hafi félagið einhliða tilkynnt FÍA, að það hafi vegna skoðunar á 757-vélunum félagsins tekið 757-vél með áhöfn á leigu frá Air Europe, Ítalíu, frá og með 26. október 1991 til 26. nóvember 1991 til áætlunarflugs til Orlando og Baltimore. FÍA hafi þegar mótmælt þessari tilkynningu munnlega og síðar skriflega sem sammingsbroti. Jafnframt hafi verið haldinn fundur með aðilum til að reyna að leysa málið, en hann hafi ekki borið árangur, jafnvel þótt FÍA hafi boðið fram samþykki, á notkun leiguflugvélar af þessu tilefni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á ákvæðum greinar 01-3 í gildandi kjarasamningi aðila. Í 1. mgr. greinar 01-3 sé ótvírætt kveðið á um, að engir flugmenn aðrir en löglegir félagsmenn í FÍA megi starfa hjá Flugleiðum í áætlunar- eða leiguflugi og að semja skuli sérstaklega um það við stjórn FÍA, telji Flugleiðir h/f nauðsynlegt að ráða erlenda flugmenn. Í 2. mgr. greinar 01-2 sé að finna heimild fyrir Flugleiðir h/f til að nýta leiguflugvélar í áætlunar- og leiguflugi að höfðu samráði við FÍA og áform Flugleiða h/f rökstudd. Þessi undantekning eigi ekki við, þegar leigðar séu flugvélar með flugmönnum. Slíkt sé aðeins heimilt til einstakra ferða, ef þörf krefur. Sú undantekning lúti að þeim tilvikum, þegar upp komi skyndilegar bilanir eða önnur ófyrirséð atvik. Þá sé heimilt að leigja

flugvél eða áhöfn til skamms tíma, en alls ekki til áætlunarflugs í heilan mánuð í tilviki, þegar fyrirséð sé með margra mánaða fyrirvara, hvenær flugvélar Flugleiða h/f þurfi að gangast undir reglubundna skoðun. Þá hafi ekkert samráð verið haft, og áform Flugleiða h/f séu og hafi verið órökstudd. Stefnandi kveðst enn fremur byggja kröfur sínar á ákvæði 3. mgr. greinar 01-3, þar sem skýrt sé kveðið á um forgang flugmanna Flugleiða h/f að þeim flugverkefnum, sem um sé að ræða á hverjum tíma á vegum Flugleiða h/f innan lands sem utan.

Enn fremur áréttaði stefnandi, að þessi skilningur hans á ákvæðum greinar 01-3 hefði verið staðfestur í framkvæmd allt frá gildistöku samningsákvæðisins 6. júlí 1980. Ný túlkun Flugleiða h/f á undantekningarheimild 2. mgr. greinar 01-3 feli það jafnframt í sér að mati stefnanda, að ákvæði 1. og 3. mgr. sömu greinar verði með öllu þýðingarlaus og að engu hafandi. Þar með sé vakinn upp fortíðardraugur stöðugs ágreinings og samskiptaörðugleika öllum til tjóns.

Þá kveðst stefnandi rökstyðja kröfur sínar með því, að flugmenn hjá Flugleiðum h/f hafi tekið á sig skyldur á móti réttindum samkvæmt grein 01-3. Sé þeim samkvæmt grein 01-5 óheimilt að taka að sér flugmannsstörf hjá öðrum, meðan ráðning gildir nema með samþykki Flugleiða h/f.

Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi jafnframt á yfirlýsingu með gildandi kjarasamningi aðila um fraktflug á vegum Flugleiða h/f, þar sem Flugleiðir h/f geri sérstaka viðbótarundantekningu um störf flugmanna félagsins að fraktflutningum. Sambærileg yfirlýsing hafi ekki verið gefin vegna áætlunarflugs.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo: Tilgangur breytingarinnar á gr. 01-3 var að stuðla að auknu starfsöryggi flugmanna Flugleiða, en flugmönnum hafði þá verið sagt upp störfum hjá félaginu. Áfram var gert ráð fyrir óbreyttum rétti Flugleiða til að nýta leiguflugvélar með flugmönnum, teldi félagið það nauðsynlegt, með þeim takmörkunum einum, að það leiddi ekki til uppsagna flugmanna félagsins. Jafnframt var flugmönnum Flugleiða veittur forgangur að flugverkefnum á vegum félagsins umfram flugmenn dótturfyrirtækja þess.

Notkun leiguflugvéla olli ekki ágreiningi fyrr en haustið 1989, að

FÍA mótmælir fraktflugi Flugleiða sem skýlausu broti á samningsbundnum forgangsrétti félagsmanna FÍA til verkefna Flugleiða. Deila þessi tengdist síðan verkfallsboðun FÍA í mars 1991. Er haft eftir formanni FÍA í Morgunblaðinu þann 17. mars, að höfuðástæða þess, að boðað sé til verkfalls, séu brot Flugleiða h/f á kjarasamningum við flugmenn, sem kveði á um, að hafa skuli samráð við FÍA, þegar erlendar áhafnir og vélar eru fengnar til fraktflugs. Þessari deilu lauk síðan með yfirlýsingu Flugleiða, sem FÍA tók við sem lyktum þessa máls, við undirskrift kjarasamnings aðila þann 30. apríl 1991. Í yfirlýsingunni er áréttað, að félagið ætlar flugmönnum sínum að fljúga þeim flugvélum, sem notaðar verða til fraktflutninga, strax og umfang flutninga og arðsemi leyfir að mati félagsins.

Ágreiningur þessi um skilning á gr. 01-3 í kjarasamningi aðila kom síðan upp að nýju í október sl. í sambandi við flugvélaeigu þá, sem mál þetta snýst um. Áform Flugleiða voru kynnt á samstarfsnefndarfundum FÍA og Flugleiða þann 2. október. FÍA var þar með gefinn kostur á að tjá sig um málið, áður en ákvörðun Flugleiða var tilkynnt félaginu þann 16. október. Skrifleg mótmæli FÍA komu fyrst fram tveimur vikum síðar. Var þá jafnframt hótáð aðgerðum, ef umræðufundur aðila þann 6. nóvember yrði árangurslaus. Með dreifibréfi, sem dagsett er þann 11. nóvember, hvetur FÍA síðan félagsmenn sína til aðgerða til að knýja á um skilning félagsins á fyrrgreindu samningsákvæði. Skuli þeir fara í einu og öllu eftir kjarasamningi og víkja hvergi frá áður útgefinni áhafnaskrá þvert á venjubundna framkvæmd. Jafnframt er þeim bannað að selja frídaga. Aðgerðum þessum var sérstaklega mótmælt af stefnda sem ólögætum.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfugerð sína á því, að skilningur stefnanda á ágreiningsefninu fái ekki staðist, hvorki samkvæmt orðalagi, for sögu né tilgangi gr. 01-3 í kjarasamningi aðila.

Fyrsta málsgrein gr. 01-3 fjallar um einkarétt félaga FÍA til starfa hjá Flugleiðum. Orðalag greinarinnar er skýrt að þessu leyti. Einungis þeir, sem ráðnir eru hjá félaginu, teljist starfa hjá því. Þessi skilningur styðst einnig við orðalag 2. málslíðar um ráðningu erlendra flugmanna. Ef nauðsynlegt er að ráða erlenda flugmenn, skal semja um það sérstaklega við stjórn FÍA. Ágreiningslaust er, að flugmenn leiguflugvéla þeirra, sem notaðar voru í hinu umdeilda áætlunar-

flugi, voru ekki ráðnir hjá Flugleiðum. Flugleiðum hafi verið með öllu óskýlt að leita leyfis vegna þeirra á grundvelli þessarar málsgreinar, þegar af þeirri ástæðu, að þeir hafi ekki verið ráðnir hjá félaginu, heldur verið starfsmenn hins erlenda félags.

Það er gróflegur misskilningur, að Flugleiðir þurfi heimild stefnanda til ákvarðana um rekstur félagsins, hvort sem varðar leigu, kaup eða notkun flugvéla og annars búnaðar. Slíkar ákvarðanir eru Flugleiðum fullkomlega heimilar án íhlutunar stefnanda með þeim takmörkunum einum, sem félagið hefur sérstaklega undirgengist í samningum aðila. Með 2. mgr. gr. 01-3 hafi Flugleiðir samið um þær takmarkanir einar að taka ekki flugvélar á leigu, ef það leiði til uppsagna flugmanna félagsins. Flugmenn hafi augljósa hagsmuni af að fylgjast með slíku. Því hafi Flugleiðir með samingsákvæðinu tekið á sig þá skyldu að hafa samráð við stefnanda um áform sín um leigu flugvéla með flugmönnum, sem ætlunin er að nýta í flugi á hefðbundnum leiðum félagsins. Á samráðsskyldan jafnt við, þótt ákvörðun um leiguflug leiði ekki til uppsagna flugmanna. Er það gert til að tryggja, að stefnandi geti fylgst sem gleggst með framkvæmd samningsins.

Í 2. mgr. gr. 01-3 felst þannig takmörkun á heimild Flugleiða til að fela öðrum aðilum framkvæmd áætlunar- og leiguflugs með leigu flugvéla með áhöfn, en fráleitt framsal á ákvörðunarvaldi félagsins. Er því mótmælt þeim skilningi stefnanda, sem fram kemur í stefnu, að Flugleiðum sé óheimilt að leigja flugvélar með áhöfn án samþykkis stefnanda, enda óumdeilt, að flugvélaeigan hafi ekki leitt til uppsagna flugmanna Flugleiða. Ef um hefði verið að ræða slíkt framsal á ákvörðunarrétti Flugleiða, hefði þurft að taka það skýrt fram í samningi aðila, svo mjög sem það fer í bága við stjórnunarrétt atvinnurekenda. Vandséð er einnig, hvernig skilningur stefnanda getur samrýmt orðalagi greinarinnar, þar sem leiga flugvéla án áhafna getur engan veginn leitt til uppsagna flugmanna.

3. mgr. 01-3 felur í sér takmörkun á venjubundnu athafnafrelsi vinnuveitenda, þar sem Flugleiðir hafi fallist á að veita flugmönnum félagsins forgang að flugverkefnum á vegum félagsins. Greinin verður ekki skýrð án tengsla við uppruna sinn, en henni var ætlað að auka atvinnuöryggi flugmanna félagsins og veita þeim forgang til leiguverkefna umfram flugmenn dótturfyrirtækja þess. Um leigu flugvéla, eins og hér er um að ræða, á hefðbundnum leiðum félags-

ins fer samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Þá á forgangsréttur samkvæmt 3. mgr. því aðeins við, að atvinnuöryggi flugmanna Flugleiða sé stefnt í hættu að öðrum kosti. Flugleiðum sem atvinnurekanda er í sjálfsvald sett, hvaða verkefni, innan ramma gildandi samninga, félagið felur starfsmönnum sínum á hverjum tíma. Það er því fráleitt, að Flugleiðum geti verið skylt að leita eftir samþykki flugmanna eða stéttarfélags þeirra, áður en gengið er til samninga um verkefni, sem fyrirsjáanlegt er, að engin áhrif munu hafa á atvinnuöryggi flugmanna félagsins, enda ekki gerður neinn áskilnaður um slíkt í 3. mgr. gr. 01-3.

Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að ekkert samráð hafi verið haft við stefnanda og að áform Flugleiða hafi verið og séu órökstudd. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samráði aðila hafi verið nægjanlega fullnægt með viðræðum, er málið var tekið upp á samstarfsnefndarfundi aðila, eftirfarandi tilkynningu, viðræðum og bréfaskriftum. Jafnframt hafi stefnanda verið gerð grein fyrir ástæðum þess, að nauðsynlegt reyndist að leigja flugvél með áhöfnum og að þessi ráðstöfun hefði engin áhrif á atvinnuöryggi flugmanna Flugleiða.

Þá er því mótmælt, að skilningur stefnanda á ákvæðum gr. 01-3 hafi verið staðfestur í framkvæmd allt frá gildistöku ákvæðisins 1980 og að ávallt hafi verið leitað samþykkis FÍA fyrir leigu flugvéla með flugmönnum. Mismunandi hafi verið, hvernig framkvæmd þessarar greinar hafi verið háttað. Skilningur stefnda á gr. 01-3 hafi verið sá sami frá upphafi og komið skýrt fram í bréfaskiptum aðila. Því verði engan veginn jafnað til staðfestingar, þó að fyrir hafi komið í einstökum tilvikum, að óskað hafi verið leyfis eða samþykkis stefnanda fyrir leiguflugi umfram skyldu samkvæmt kjarasamningi. Þá hafi skilningur stefnda á gr. 01-3 áður verið annar en haldið er fram í máli þessu.

Einnig er mótmælt sem rangri og órökstuddri þeirri fullyrðingu stefnanda, að skyldur flugmanna skv. gr. 01-5 í kjarasamningi aðila séu endurgjald fyrir réttindi skv. gr. 01-3.

Enn fremur er mótmælt sem röngum þeim skilningi stefnanda, að skoða beri yfirlýsingu Flugleiða með síðastgildandi kjarasamningi aðila sem sérstaka viðbótarundantekningu. Þvert á móti hafi stefnandi við gerð síðustu kjarasamninga fallist á þann skilning Flugleiða, sem fram kemur í yfirlýsingunni, að ákvörðun um það, hvort

leigðar séu flugvélar með áhöfn, sé algjörlega háð mati félagsins á arðsemi og umfangi flutninganna.

Varðandi viðurkenningarkröfu stefnda er vísað til 53. gr. laga nr. 80/1938, en mikilvægt er fyrir stefnda að fá skorið úr ágreiningi um það, á hvern veg háttað skuli samskiptum aðila samkvæmt gr. 01-3, þegar um er að ræða leigu flugvélar með áhöfn.

III.

Dómurinn lítur svo á, að 1. mgr. og 3. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi aðila eigi ekki við hér, eins og málsatvikum er háttað. Hins vegar er í 2. mgr. sérstaklega fjallað um samráð aðila, þegar stefndi telur nauðsynlegt að nýta leiguflugvélar í áætlunar- og leiguflugi á hefðbundnum leiðum félagsins innan lands eða utan. Telur dómurinn, að ákvæði þetta um samráð feli í sér, að sú skylda sé lögð á stefnda Flugleiðir h/f að ræða nauðsyn þess við fulltrúa stefnanda og kynna þeim fyrirætlanir sínar og rökstyðja áformin og gefa fulltrúum stefnanda þar með kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun um leigutökuna er tekin af hálfu stefnda. Því fellst dómurinn ekki á, að í samráði felist áskilnaður um samþykki stefnanda.

Fallast ber á með stefnanda, að stefndi Flugleiðir h/f hafi ekki sýnt fram á, að nægilegt samráð hafi verið haft við fulltrúa stefnanda og áform stefnda rökstudd, og verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir h/f, hefur með framangreindum hætti brotið gegn ákvæði um samráð í 2. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi málsaðila frá 30. apríl 1991.

Málskostnaður fellur niður.
